



VIRÐING - METNAÐUR - VELLÍÐAN

Heimavistarreglur MÍ

Með undirritun húsaleigusamnings staðfestir heimavistarbúi (forsjáraðili ef vistarbúi er yngri en 18 ára) að hafa kynnt sér heimavistarreglur þessar og viðurlög við broti á þeim. Ákvörðun um dvöl á heimavist jafngildir samningi við skólann um góða ástundun náms og góða umgengni.

1. Stjórn heimavistar

- Skólameistari fer með yfirstjórn heimavistar og setur vistarreglur. Hann ræður starfsmenn, vistarstjóra, til að fara með daglega stjórn og umsjón vistarinnar.
- Vistarbúar kjósa á almennum vistarbúafundi vistarráð sem annast málefni nemenda og er fulltrúi þeirra gagnvart vistarstjórum og skólameistara.
- Allir vistarbúar eru skyldugir til að sækja vistarfundum sem skólameistari eða vistarstjórar boða. Almennir vistarfundir eru að jafnaði haldnir þriðju hverju viku eða svo oft sem þurfa þykir.

2. Almennar reglur

- Heimavistin er heimili nemenda og skulu vistarbúar njóta heimilisfriðar og ekki raska ró annarra vistarbúa. Vistarbúum ber að sýna hver öðrum og starfsfólki tillitssemi og kurteisi. Sérhver íbúi heimavistarinnar á rétt á því að tekið sé tillit til óska um næði.
- Markmið heimavistarreglna er að tryggja hvíldar- og vinnufrið vistarbúa og vera til leiðsagnar ef heimilisfriðnum er stefnt í hættu.
- Ganga skal vel um húsakynni og lóð heimavistar.
- Íbúum heimavistar er skylt að vera í mat í mötuneyti og fara eftir mötuneytisreglum.
- Vistarbúar taka þátt í umsjón í mötuneyti eftir nánari ákvörðun heimavistarstjóra og skólameistara.
- Á tímabilinu frá kl. 23:00-07:00 skal vera næði á heimavist, bæði á herbergjum og á göngum.
- Húsnæði heimavistarinnar er læst frá kl. 23:00-07:00. Stranglega er bannað að taka útihurðir úr lás þegar þær eru læstar.
- Greiða skal tryggingagjald við móttöku lykils sem er endurgreitt þegar lykli er skilað, svo fremi að herbergi sé í viðunandi ástandi. Herbergisbúi bætir skemmdir á herbergi sem verða af hans völdum. Hver nemandi skal skila herbergi í sama horfi við annarlök og hann tók við því í upphafi. Nemandi er óheimilt að yfirgefa heimavistina í lok annar án þess að vistarstjóri hafi yfirfarið herbergið.
- Skemmdir á húsum eða munum heimavistar skal tilkynna vistarstjóra.
- Heimavistarbúar annast ræstingu á herbergjum sínum, sturtuklefa og salerni og losa og flokka rusl á viðeigandi hátt. Íbúar heimavistar skulu halda herbergjum sínum hreinum og snyrtilegum.
- Herbergjaskoðun fer fram að jafnaði í hverri viku. Séu íbúar ekki við á skoðunartíma hefur vistarstjóri heimild til að skoða herbergið án þeirra nærveru. Skólameistari og vistarstjóri eiga

aðgang að herbergjum vistarbúa hvenær sem er til eftirlits. Þeir skulu gæta tillitssemi og nærgætni.

- Íbúar eiga að læsa herbergjum sínum og hirslum enda bera þeir ábyrgð á herbergi og húsbúnaði ef óboðnir gestir ganga þar um. Engir munir vistarbúa eru tryggðir á vegum skólans og skólinn tekur ekki ábyrgð á eigum þeirra. Vistarbúi skal sjálfur tryggja sína muni, telji hann ástæðu til.
- Vistarbúar mega ekki hafa með sér á heimavist neitt sem slyshætta stafar af. Öll meðferð elds er óheimil á heimavist, þar með talin notkun kerta og reykelsis. Öllum nemendum er skylt að taka þátt í brunaæfingum þegar þær fara fram. Vistun gæludýra á heimavist er bönnuð.
- Gestir á heimavist skulu fara eftir umgengnisreglum á heimavist og þeir mega ekki vera í mötuneyti eða matsal. Hver vistarbúi er ábyrgur fyrir gestum sínum og ber ábyrgð á að gestir þeirra fari að reglum heimavistar og skóla. Brjóti gestur reglur heimavistar gilda viðeigandi viðurlög fyrir þann vistarbúa sem er gestgjafi.
- Engar heimsóknir eru leyfðar eftir kl. 23:00. Leyfi til að hafa næturgesti er háð samþykki heimavistarstjóra og forsjáraðila nemanda undir 18 ára aldri. Nemendur á grunnskólaaldri hafa ekki heimild til að vera á heimavist eftir kl. 22:00 nema með sérstöku leyfi heimavistarstjóra eða skólameistara.
- Reykingar og öll notkun nikótíns og tóbaks (þar með talið sigarettur, rafsigarettur, munntóbak nikótínþúðar og neftóbak) er bönnuð á heimavist og á lóð heimavistar.
- Öll meðferð íbúa á áfengi og öðrum vímuefnum í húsum og á lóð heimavistar er stranglega bönnuð. Með meðferð áfengis og annarra vímuefna er átt við að bannað er að neyta þeirra, vera undir áhrifum efnanna, hafa efnin í vörslu sinni eða hafa tæki til neyslu í vörslum sínum í húsnæði heimavistarinnar eða á lóð hennar. Gestum íbúa á heimavist er óheimilt að vera á heimavist ef þeir eru undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Vakni grunur um meðferð og/eða neyslu ólöglegra vímuefna hjá nemanda er haft samband við forsjáraðila og forvarnarfulltrúa skólans.
- Í húsaleigusamningi er gerð grein fyrir lokunardögum á heimavist og þá fara vistarbúar til síns heima. Ef vistarbúi fer burt um helgi eða yfir nótt skal tilkynna það vistarstjóra og jafnframt gefa upp áætlaðan brottfarar- og komutíma. Í tilvikum þar sem vistarbúi er yngri en 18 ára þarf forsjáraðili að hafa samband við vistarstjóra og staðfesta samþykki sitt fyrir fjarveru.

3. Viðurlög við brot á heimavistarreglum

- Brot á heimavistarreglum varða áminningu. Brot sem varða við landslög verða kærð til lögreglu.
- Hafi vistarbúi fengið fleiri en tvær áminningar telst það brottrekstrarsök af heimavist. Slík mál eru í höndum skólameistara. Tafarlaus brottvísun eða áminning fylgir eftirfarandi brotum:
 - Varðveisla, dreifing, neysla eða vera undir áhrifum vímuefna eða hafa tæki til neyslu í vörslu sinni í húsum skólans, á skólalóð, svo og á ferðalögum, samkomum eða öðru viðburðum sem fram fara á vegum skólans.
 - Ölvun, meðferð, dreifing, varðveisla og neysla áfengis á heimavist, á lóðinni eða í farartækjum sem þar kunna að vera.
 - Skemmdir á munum eða húsnæði skólans, eftir alvöru máls.
 - Sérhver hindrun þess að reykskynjarar og slökkvitæki virki sem skyldi.
 - Gestur án leyfis á heimavist.